

REGLUGERÐ

34

15. marz

um störf lóðaskrárritarans á Akureyri.

1. gr.

Bæjarstjórn skipar lóðaskrárritara til þess, að leysa úr sérhverju því atriði, sem upp kann að koma viðvíkjandi línu- og flatarmáli lóða og húsa í landi bæjarins, eins og það nú er og framvegis kann að verða. Er hann skyldugur að leysa af hendi þau verk, er koma undir starfssvið hans, hvort heldur er fyrir bæinn eða einstaklinga.

2. gr.

Lóðaskrárritari á, þegar bæjarstjóri krefst þess, að mæla út stefnur gatna og vega. Hann á enn fremur, þegar þess er krafizt, að láta byggingarnefnd eða bæjarstjórn í té allar upplýsingar um mörk lóða, eignarheimildir, kvaðir og afstöðu til gatna og nágrennahúsa.

3. gr.

Lóðaskrárritari á að halda hina lögboðnu lóðaskrá. Í hana á þegar markasetningu lóða er lokið, smám saman að færa inn allar lóðir með framhaldandi númerum. Af hverri lóð skal vera uppdráttur og sýni hann afstöðu lóðarinnar til nágrennalóðanna og grunnflöt allra húsa á henni. Í lóðaskránni skal enn fremur vera lýsing merkja, flatarmál lóðarinnar byggðrar og óbyggðrar og nafn eiganda. Staðfest eftirrit úr lóðskránni er mælingabréf viðkomandi lóðar.

4. gr.

Ef skrásettri lóð skal skipt í hluta, tvo eða fleiri, og byggingarnefnd hefur gefið samþykki sitt, skal mæla hana á kostnað beiðanda og færa í lóðaskrána. Áður en þinglýst er skjali eða skjölum um skiptingu lóða eða um eigandaskipti að lóð, skal lóðaskrárritari rita vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að breytingarinnar sé getið á lóðaskrá eða í lóðamerkjabók.

5. gr.

Lóðaskrárritari skal láta í té allar þær upplýsingar um lóðir og hús er með þarf, til þess að reikna út þá skatta, er byggjast á stærð þeirra.

6. gr.

Lóðaskrárritari annast flatarmælingu og aðalhallamælingu bæjarins, að því leyti sem ekki fellur undir skipulag bæja og sér um að gerðir séu uppdrættir og afrit í þeim mælikvarða, er bæjarstjórn ákveður. Enn fremur skal lóðaskrárritari sjá um að uppdráttum sé haldið við og á þá bætt breytingum og viðbótum. Af mælingabókum og blöðum skal gera endurrit, er geymist í skjalasafni bæjarins.

7. gr.

Auk þeirra starfa, er hér er getið, skal lóðaskrárritari inna af hendi þau verk, er bæjarstjórn felur honum.

8. gr.

Auk lóðaskrár og lóðamerkjabóka skal lóðaskrárritari halda skrá yfir öll þau verk, er hann vinnur, enn fremur bréfabók og sjóðbók yfir gjöld þau, er greidd eru á skrifstofu hans. Gjöldin ber að greiða til bæjargjaldkera við lok hvers mánaðar.

34

9. gr.

15. marz

Fyrir þau störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða grunn-
gjöld í bæjarsjóð sem hér greinir:

- a. Fyrir útmælingu og merkingu nýrrar lóðar og byggingar, svo og ákvörðun gólf-
hæðar, greiðist fast gjald, lóðartökugjald, kr. 200.00.
- b. Fyrir aukamælingar nýrra lóða og bygginga, svo og aukamælingu á gólfhæð,
greiðist kr. 50.00 fyrir hverja mælingu fyrir sig.
- c. Fyrir merkingu og mælingu lóða eða lóðarhluta eða skiptingu lóða, greiðist
kr. 200.00, sé lóðin minni en 1000 ferm., og kr. 10.00 fyrir hverja heila 100 ferm.
þar yfir.
- d. Fyrir uppdrátt, án sérstakrar mælingar, og afrit úr lóðaskrá, greiðist kr. 30.00.
- e. Fyrir áritun um eigendaskipti greiðist kr. 10 00.
- f. Fyrir önnur störf lóðaskrárritara greiðist samkv. ákvörðun hans í hvert skipti
og skal þá tímakaup hans reiknast kr. 40.00.

Á framangreind grunngjöld skal reiknuð uppbót samkv. gildandi kaupgjalds-
vísitölu á hverjum tíma. Gjöldin ber að inna af hendi um leið og þjónustan er látin
í té.

Öll gjöldin reiknist í heilum krónum.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfest-
ist hér með samkvæmt 6. gr. laga nr. 16 9. febr. 1951, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

35

15. marz

REGLUGERÐ

um fiskmat.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Allur fiskur, sem fluttur er út frá Íslandi, skal háður eftirliti og vera metinn
af hinu opinbera fiskmati, samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og
meðferð, verkun og útflutning á fiski. Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið, að mat
fari fram á fiski, sem gengur kaupum og sölum innanlands.

2. gr.

Fisk, sem veiðiskip flytja til útlanda og þau hafa veitt sjálf, hvort sem um er
að ræða nýjan fisk eða saltaðan, er eigi skylt að meta, enda hafi fiskurinn ekki verið
lagður hér á land. Ráðuneytið getur þó sett reglur um slíkan útflutning að fengnum
tillögum fiskmatsstjóra.

3. gr.

Fiskmatsstjóri hefur á hendi stjórn alls fiskmats í landinu. Yfirfiskmatsmenn
stjórna matinu, hver í sinu umdæmi, en hlíta forustu fiskmatsstjóra samkvæmt
nánari ákvæðum laga nr. 46 5. apríl 1948. Til aðstoðar við mat og eftirlit eru einnig
skipaðir fiskmatsmenn og hleðslustjórar, og vinna þeir undir stjórn fiskmatsstjóra
og yfirfiskmatsmanna.